



Fundargerð

431. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 16.apríl 2019. Þetta er 4. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Evu Björk Harðardóttur, starfandi sveitarstjóra og er 8 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins

Bjarki Guðnason, varaoddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri er í leyfi og verður fjarverandi fram í byrjun maí. Eva Björk Harðardóttir oddviti verður starfandi sveitarstjóri á meðan.

Hreinn Óskarsson, sviðsstjóri samhæfingarsviðs Skógræktarinnar hefur verið tilnefndur í samráðshóp um tillögur að svæðum fyrir skógrækt og landgræðsluáðgerðir með þeim Jónu Björk Jónsdóttur og Jóni Hrafní Karlssyni sem eru fulltrúar sveitarfélagsins í hópnum.

Umhverfisstofnun hafði samband vegna áframhaldandi samvinnu við þrif á salernum við Fjarðrárgljúfur. 25.mars sótti oddviti stjórnarfund Hulu. Ársfundur Náttúrustofu Suðausturlands var haldinn á htl Klaustri þann 26.mars. 28.mars sótti oddviti ársfund rannsóknarsetra á Laugarvatni og 29.mars sótti síðan oddviti og varaoddviti landsþing íslenskra sveitarfélaga á Grand hotel. 3.apríl var haldinn fyrsti fundur vinnuhóps vegna endurskoðunar aðalskipulags. Nefnd um um endurskoðun sorphirðu og sorpeyðingu í Skaftárhreppi fundaði fimmtudaginn 4.apríl. en þann dag sótti oddviti SASS stjórnarfund. 5.apríl sótti oddviti aðalfund Markaðsstofu Suðurlands.

Skipulagsdagurinn í Skaftárhreppi var haldinn laugardaginn 6. Apríl. 8.apríl var haldinn stjórnarfundur hjá Kötlu jarðvangi á Hotel Laka og 9.apríl hittu oddviti og byggingarfulltrúi Hagvís sem var með kynningu á lausnum í frárennslismálum. Íbúafundur um atvinnu- og menningarmál var haldinn 10.apríl og er hluti af undirbúningi fyrir sóknaráætlun Suðurlands. 10.apríl sótti oddviti vorfund atvinnuþróunarfélaganna á Akureyri og síðan ársfund Byggðastofnunar daginn eftir á Siglufirði.

Auglýst hefur verið eftir vinnslu grenja og verður gengið frá samningum til þriggja ára eftir páska. Oddviti sótti fund með sveitarstjórum Mýrdalshrepps og Hornafjarðar í Kötluetri með Ólafi Guðmundssyni varðandi öryggisúttekt á samgöngumannvirkjum í sveitarfélaginu þann 12.apríl sl og sama dag hittu oddviti einnig Ragnar Guðgeirsson ásamt forstöðumanni Kirkjubæjarstofu varðandi vinnu við viðskiptaáætlun fyrir Þekkingar- og Errosetur á Kirkjubæjarklaustri. SASS fékk úthlutað samtals 67,5 milljóna króna styrk frá samgöngu- og sveitarstjórnarmálaráðherra næstu 3 árin vegna þekkingarseturs í Skaftárhreppi.

Árlegt bæjarstjóramót verður haldið 2.-4.maí í Hveragerði. Ráðstefna á Selfossi 17.maí um almannaþing og skipulagsmál á vegum SASS, lögreglustjórans á Suðurlandi og Vestmannaeyjum ásamt Skipulagsstofnun. Minnum á fund samráðsvettvangs um Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024 23.maí nk á Selfossi.

Staða lagningar ljósleiðara: Áætlað er að ljúka við tengingar kerfisins í gamla Hörgslandshreppi eftir páska. Kerfið verður komið í notkun í byrjun maí. Starfsmaður sveitarfélagsins Einar Bárðason mun halda utanum framgang verkefnisins í samvinnu við varaoddvita.

Ólafur Júlíusson fer yfir framkvæmdir sem eru í farvatninu með sveitarstjórn.

TSVG



Dagskrá

I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1801006 Fundargerð 146. fundar skipulagsnefndar, dags. 9.apríl 2019

1. 1903024 Skipulagsdagurinn 2019

Skipulagsdagurinn fór vel fram, milli 40- og 50 tóku þátt.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna – Endurskoðuna aðalskipulags, skipulög í vinnslu – Þjónustumiðstöð, Hæðargarði – Vatnajökulspjódgarður. Þetta voru megin erindi dagsins sem hlutu ágætar undirtektir viðstaddra.

Þó var eitt mál sem stóð upp úr umræðunni, öryggismál á þjóðvegi nr 1 í gegnum Skaftárhrepp í ljósi þeirra fjölmörgu slysa sem orðið hafa á undanförunum misserum.

„*Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að óskað verði fundar með vegamálastjóra og svæðisskrifstofu Vegagerðarinnar á Suðurland um öryggismál á þjóðvegi 1 í gegnum Skaftárhrepp.* „

Sveitarstjórn þakkar Skipulagsnefnd fyrir vel heppnaðan og fróðlegan skipulagsdag og felur sveitarstjóra að boða til fundar með vegamálastjóra og svæðisskrifstofu Vegagerðarinnar á Suðurlandi vegna uppbyggingar sem fyrirhuguð er við þjóðveg nr 1.

2. 1812001 Umsókn um stöðuleyfi - Rannsóknarmastur í landi Grímsstaða í Meðallandi, vegna hugmynda um vindorkugarð á svæðinu.

Á fundi sínum þann 14.mars sl. vísaði sveitarstjórn Skaftárhrepps málinu til baka til skipulagsnefndar til frekari úrvinnslu. Sveitarstjórn taldi að skoða þyrfti betur heimildir til veitingar stöðuleyfis vegna mastursins. Samkvæmt gr. 2.6.1 í lið a) og b) um stöðuleyfi í byggingarreglugerð 112/2012 eru tilgreindir þeir lausafjármunir sem falla undir stöðuleyfi og síðar í sömu grein er vísað í tímalengd stöðuleyfis sem heimilt er að veita sem er 1 ár nema skipulag kveði á um annað. Sveitarstjórn vill því að skipulagsnefnd fari betur yfir þessa þætti með tilliti til fordæmis fyrir önnur verkefni. Eina sem vakir fyrir sveitarstjórn er að tryggja að unnið sé í samræmi við þær heimildir sem gefnar eru í lögum og reglugerðum.

„*Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindi umsækjanda og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að veita 12 mánaða stöðuleyfi fyrir rannsóknarmastrinu.* „

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. 1902015 Umsókn um stöðuleyfi frá íbúum að Skaftárvöllum 26 a og c.

Um er að ræða 2 stk 12 m² geymsluskúra.

„*Skipulagsnefnd samþykkir 12 mánaða stöðuleyfi fyrir geymslurnar tvær, með fyrirvara um undirskrift/samþykki annarra lóðarhafa/eigenda lóðarinnar Skaftárvellir 26 a-f. Skipulagsnefnd leggur jafnframt til að deiliskipulagsskilmálum fyrir lóðina verði breytt þar sem tekið verði tillit til smáhýsa sem þessara.*“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. 1803008 Endurnýjun á stöðuleyfi fyrir veiðihús við Kirkjufellsvatn

Jón Þorsteinsson óskar eftur að endurnýja stöðuleyfi fyrir veiðihús við Kirkjufellsvatn.



„Skipulagsnefnd samþykkir endurnýjun stöðuleyfis til 12 mánaða.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar fyrir sitt leyti.

5. 1904003 Leyfi fyrir þurrsalerni og geymsluskúr við Langasjó

Fanney Ásgeirsdóttir f.h. Vatnajökulþjóðgarðs óskar eftir leyfi að fá að setja niður þurrsalerni við norðausturenda Langasjávar á Skaftártunguafrétti. Þar er nú þegar lítið bílastæði. Staðurinn er upphafsstaður vinsællar gönguleiðar út úr Fögrufjöllum og göngumenn á þar gjarnan eina eða fleiri nætur.

„Skipulagsnefnd samþykkir 12 mánaða stöðuleyfi.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar fyrir sitt leyti.

6. 1901002 Deiliskipulagstillaga fyrir Geirland.

Deiliskipulagstillagan var auglýst 6.febrúar - 20.mars 2019. Engar athugasemdir bárust. Umsagnir Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar liggja fyrir.

„Deiliskipulagið samþykkt að teknu tilliti til umsagna ofangreindra aðila. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

7. 1904004 Byggingarleyfi fyrir endurbótum á fjárhúsi (Mhl 20) Múlakoti.

Ragnar Johansen f.h. Ferðaþjónustu og sumarhúsa ehf. kt. 711001-2630 sækir um byggingarleyfi fyrir endurbótum á fjárhúsi (Mhl 20) Múlakoti. Fjárhúsinu verði breytt í móttöku fyrir hestaleigu.

„Skipulagsnefnd samþykkir byggingarleyfi. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

8. 1904005 Leyfi til að endurbyggja Braggann, Hörgslandi 1.

Ragnar Johansen f.h. Ferðaþjónustu og sumarhúsa ehf. kt. 711001-2630 sækir um leyfi til að endurbyggja vinnuhús (Braggann) á lögbýlinu Hörgslandi 1.

Breytingin fellst í því að rífa bárujárnsklæðningu og járnburðarvirki hússins og steypa útveggina í fulla hæð og setja á húsið hefðbundið risþak, með 15.gr. þakhalla.

„Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu erindisins og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að afla frekari gagna.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

9. 1810003 Hátún - Beiðni um breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags.

Oddur Hermannson f.h. Resort ehf. kt. 680618-0620 sækir um breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags samtímis.

BVG



Skipulagsreitur er áætlaður um 5ha að stærð, endanleg útmörk liggja ekki fyrir á þessari stundu. Áformað er að innan reitsins verði reist 20-25 gistihús sem hvert um sig er 70 m². Einnig er gert ráð fyrir miðlægu þjónustuhúsi, m.a. gert ráð fyrir móttöku, veitingaaðstöðu, þvottahúsi, salernum og aðstöðu fyrir starfsmenn. Byggingarmagn áætlað um 2500 m².

„Skipulagsnefnd óskar eftir frekari gögnum varðandi stærð og staðsetningu á fyrirhuguðu skipulagssvæði. Skipulagsnefnd vill benda umsækjanda á að vinna við endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps er að hefjast. Umrædd skipulagsvinna skal falla þar undir.,,

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

2. 1809006 Fundargerð 31. Fundar Umhverfis- og náttúruverndarnefndar 27.mars 2019

1.Mál. Umhverfismarkmið Skaftárhrepps.

Nefndin fór um yfir umhverfismarkmið Skaftárhrepps fyrir 2019 til 2020. Æskilegt er að endurskoða umhverfismarkmiðin vorið 2020 m.t.t. stefnum Umhverfisráðherra í úrgangsmálum og framvindu Aðalskipulags Skaftárhrepps. Umhverfismarkmiðin verða send til sveitarstjóra til umfjöllunar fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

Sveitarstjórn þakkar Umhverfis- og náttúruverndarnefnd fyrir vinnu sína við Umhverfismarkmið Skaftárhrepps og leggur til að þau verði aðgengileg fyrir íbúa á heimasíðu.

2. Mál. Umhverfisstefna Skaftárhrepps/ Svæðisáætlun Suðurlands.

Huga þarf að gerð Umhverfisstefnu fyrir Skaftárhrepp samhliða vinnu við endurskoðun Aðalskipulags.

Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og felur nefnd um vinnu við aðalskipulag að huga að Umhverfisstefnu fyrir Skaftárhrepp í samvinnu við Umhverfis og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

3. 1604031 Fundargerð 65.fundar félagsmálanefndar Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu haldinn 14.mars 2019

1. Greiðslur vegna stuðningsfjölskyldna

Erindi lagt fyrir félagsmálanefnd með upplýsingum um greiðslum til stuðningsfjölskyldna í málaflokki fatlaðs fólks (Bergriði bs) og tillögur um hækkun á greiðslum til stuðningsfjölskyldna innan barnaverndar og félagsþjónustu.

Niðurstaða: Félagsmálanefnd samþykkir fyrir sitt leyti tillögur um hækkun greiðslna til stuðningsfjölskyldna í félagsþjónustu.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu félagsmálanefndar fyrir sitt leyti.



2. Akstursþjónusta fyrir eldri borgara

Tillögur félagsmálastjóra og deildarstjóra um akstursþjónustu fyrir eldri borgara á þjónustusvæði félagsþjónustu Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu.

Niðurstaða: Félagsmálanefnd lýsir ánægju sinni yfir fram komnum drögum félagsþjónustunnar um akstursþjónusú fyrir eldri borgara. Félagsmálanefnd telur þjónustuna vera mjög þarfa og felur félagsmálastjóra að útfæra tillögur í samræmi við umræður fundarins.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar fyrir sitt leyti.

3. Vinnuskólasamningar v. fatlaðra barna

Tillaga um vinnuskólasamninga fyrir ungmenni með fötlun, umræða um mikilvægi þess að geta boðið fötluðum ungmönnum atvinnuúrræði yfir sumartíma.

Niðurstaða: Félagsmálanefnd lýsir ánægju sinni yfir fram komnum tillögum um vinnuskólasamninga fyrir fötluð börn. Félagsmálanefnd telur þjónustuna vera mjög þarfa og vísar málinu til frekari afgreiðslu hjá stjórn Félags- og Skólalþjónustunnar.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu nefndarinnar fyrir sitt leyti.

4. 1604047 Fundargerð 38. fundar Félags- og skólalþjónustu Rang og V-Skaft bs 26.mars 2019

1. Áframhaldandi umræða um rekstrarforms byggðarsamlags um Félags- og skólalþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu sbr. Niðurstöðu 37.fundar stjórnar frá 12.03.2019.

Óskað var eftir tilboðum frá PWC og KPMG, vegna rekstrarfyrirkomulags tillögu a, samþykkt á 37.fundi stjórnar, þar sem eftirfarandi var bókað:

„Stjórnin samþykkir fyrir sitt leyti að leið a, eitt byggðasamlag og tvær stofnanir, verði farin með fyrirvara um að ekki verði um verulegan kostnaðarauka að ræða“:

Ljóst er af tilboðum, að um verulega hagræðingu verður að ræða, með því að fara þessa leið, allt að kr. 1.500.000.- á ári. Að fengnum niðurstöðum úr verðkönnunum, samþykkir stjórnin samhljóða fyrir sitt leyti, að fara þessa leið og óskar eftir staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna, svo hægt sé að undirbúa breytinguna fyrir komandi aðalfund á vordögum.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að tvær stofnanir verði reknar undir sama byggðasamlaginu til að aðgreina betur rekstur þeirra.

5. 1604035 Fundargerð 46.fundar Kötlu Jarðvangs 8.03.2019

2. Þorvaldseyri

Formaður greindi frá fundi hans með Guðmundi Hjaltasyni hjá Lava Centre. Fyrir liggur að Lava Centre gerir ekki athugasemd við rekstur jarðvangsins á Þorvaldseyri næstu sex mánuði og aðilar muni setjast aftur yfir málið að þeim tíma liðnum. Berglind greindi frá áætluðum kostnaði við að opna á Þorvaldseyri. Athuga með stuðning frá Vinnumálastofnun varðandi kostnað við starfsmenn. Athuga með samstarf við

Handwritten signature and initials: JBJ, BVC



félagasamtök á svæðinu varðandi það að steikja kleinur og hafa til sölu. Ráðstafa 700.000 kr styrk úr Uppbyggingarsjóði til útimerkinga og e.t.v. myndefnis innan dyra. Rætt um hvernig fyrirtækjum innan jarðvangsins yrði sinnt á Þorvaldseyri, m.a. samstarfsfyrirtækjunum, fyrirtækjum innan Markaðsstofu Suðurlands, fyrirtækja innan Vakans. Jarðvangurinn bjóði uppá námskeið á Þorvaldseyri fyrir starfsfólk þessara samstarfsaðila. Samþykkt að stefna að því að opna á Þorvaldseyri 1. júní 2019 og starfsrækja gestastofuna í fyrsta áfanga til þriggja mánaða. Gert verði minnisblað nú í vikunni um beiðni til sveitarfélaganna um viðbótarfjármagn vegna þessa. Jafnframt verði stefnt að sameiginlegum fundi sveitarstjórna þriggja á Þorvaldseyri síðari hluta maímánaðar.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti beiðni um rekstrarfé í gestastofu jarðvangsins skv minnisblaði og felur starfandi sveitarstjóra að útbúa viðauka við fjárhagsáætlun 2019. Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1904013 Ársreikningur Skaftárhrepps 2018 –fyrri umræða
*Auðunn Guðjónsson endurskoðandi frá KPMG lagði fram og kynnti ársreikning sveitarfélagsins og endurskoðunarskýrslu 2018. Sveitarstjórn þakkar Auðunni fyrir greinargóða yfirferð.
Ársreikningi vísað til síðari umræðu.*
2. 1701015 Tilnefning í vinnuhóp vegna nýs deiliskipulags fyrir áningarstað í Eldhrauni
Sveitarstjórn tilnefnir Svein Hreiðar Jensson, Ólaf Júlíusson og Jónu Björk Jónsdóttir.
3. 1805012 Gjaldskrá mótuneytis
Tillaga um breytingu á gjaldskrá skv nýjum reglum um mótuneyti Kirkjubæjarskóla.
Fæðisgjald á vormisseri: 8.400 kr. á mánuði.
*Fæðisgjald starfsmanna sem eingöngu kjósa að borða í hádegi: 7000 kr. á mánuði.
Daggjald fyrir fæði 600 kr.
Gjald fyrir staka hádegismáltíð 550 kr,*
Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána.
4. 1604031 Breyting á gjaldskrá til stuðningsfjölskyldna. Erindi frá félagsþjónustu Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu. 12.03.2019.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar hækkun gjaldskrár til stuðningsfjölskyldna og staðfestir breytinguna fyrir sitt leyti.
5. 1604031 Atvinnumál ungmenna með fötlun. Erindi frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. 14.03.2019.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar fram komnum tillögum um vinnuskólasamninga fyrir fötluð börn og samþykkir þjónustuna fyrir sitt leyti.
6. 1604031 Akstursþjónusta fyrir eldri borgara. Erindi frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. 14.03.2019.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar erindi félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og samþykkir fyrir sitt leyti aukio þjónustustig við eldri borgara.



7. 1903010 Beiðni um fjárstyrk fyrir gerð leiðarvísis fyrir hjólreiðafólk. 17.03.2019
Sveitarstjórn þakkar erindið en sér sér ekki fært að styðja við verkefnið.
8. 1609001 Umsögn vegna rekstrarleyfis. Hrífunes Glacier View. 5.04.2019
EBH, KG, JBJ og AH samþykkja veitingu leyfisins fyrir sitt leyti, með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar sem slökkviliðsstjóri á síðari stigum málsins.
9. 1904010 Fyrirhuguð afhending götulýsingarkerfis til sveitarfélagsins. 2.04.2019
Rarik hefur óskað eftir fundi með sveitarstjórn til að ræða fyrirhugaða afhendingu götulýsingarkerfis Kirkjubæjarklausturs til sveitarfélagsins. *Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.*
10. 1904011 Þjónustukort fyrir allt landið. Samband íslenskra sveitarfélaga 28.03.2019
Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.
11. 1901007 Styrkvegasjóður 2019
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sækja um í Styrkvegasjóð fyrir þá vegi sem komið hafa ábendingar um til sveitarfélagsins fyrir 29.apríl 2019.

Arndís Harðardóttir yfirgefur fundinn.
12. 1904014 Samningur um verkefnið atvinnumál og kynningarmál í Skaftárhreppi við Kirkjubæjarstofu.
Sveitarstjórn felur starfandi sveitarstjóra að falast eftir sameiginlegum fundi með stjórn Kirkjubæjarstofu og sveitarstjórn til að ræða framhald samningsins.
13. 1904015 Öryggisúttekt á samgöngum í Skaftárhreppi. Ólafur Guðmundsson.
Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að fá Ólaf Guðmundsson í að gera úttekt á stofnvegi, tengivegum og öðrum samgöngumannvirkjum í sveitarfélaginu með tilliti til öryggis vegfarenda og meta þörf á nauðsynlegum umbótum.
14. 1902011 Drög að umhverfisstefnu Skaftárhrepps
Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar Umhverfis og náttúrunefnd fyrir vinnu sína við drögin og leggur til að stefnan verði kynnt fyrir íbúum.
15. 1903010 Styrkbeiðni. Ærslabelgur. 14.04.2019
Sveitarstjórn þakkar áhugasömum hópi kvenna í sveitarfélaginu fyrir frumkvæði sitt við söfnun á ærslabelg sem er ætlaður staður á lóð grunnskólans. Sveitarstjórn leggur í verkefnið að hámarki 1 milljón á móti íbúum. Sveitarstjórn bendir hópmum á að vera í samráði við skipulags og bygginarfulltrúa varðandi staðsetningu.
16. 1606014 Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2019
Tillaga að við fjárfestingar ársins 2019 bætist við kostnaður vegna brunaviðvörðunarkerfis við leikskólann Kærabæ. Áætlaður heildarkostnaður er 829.000 með vsk. (vinna kr 595.000 og efni kr 234.000).
Áætluð kaup á ærslabelg fyrir útisvæði 1.000.000 kr á móti söfnun íbúa, en heildarkostnaður við kaupin eru 2.000.000.-
Opnun gestastofu Kötlu jarðvangs á Þorvaldseyri: kr 3.750.000.-



Fjármagnað með lækkun á handbæru fé sem verður 77.421.000 í stað 83 milljónir eftir viðauka nr 1.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir viðaukann.

III. Fundargerðir til kynningar

1. 1604031 Fundargerð 66. Fundar félagsmálanefndar Rangárvalla og Vestur Skaftafellssýslu haldinn 11.apríl 2019. *Fundargerð kynnt.*
2. Aðalfundur Bergrisans. 18.janúar 2019. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni

1. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga 18.03.2019. *Kynnt.*
2. Sóknaráætlun Suðurlands 2020-2024 01.04.2019. *Kynnt.*
3. Umhverfisstofnun: Staða frávik. 4.04.2019. *Kynnt.*
4. Samgöngu og Sveitarstjórnarráðuneytið. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk. 4.04.2019. *Kynnt.*
5. Samband íslenskra sveitarfélaga. Yfirlýsing. 3.04.2019. *Kynnt.*
6. 1904009 Heilbrigðiseftirlitið. Lóðahreinsanir. 3.04.2019. *Kynnt.*
7. Hecate Energy 20.03.2019. *Kynnt.*
8. Samningur vegna Ísland Ljóstengt verkefnið 22.03.2019. *Kynnt.*
9. Styrktarsjóður EBÍ 25.mars 2019. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður fimmtudaginn 9.maí 2019

Fundi slitið kl 17:10

Eva Björk Harðardóttir

Bjarki Guðnason

Katrín Gunnarsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Arndís Harðardóttir